# BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 305

# Bjarni Tryggvason, geimfari

**( 1945 - )**

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 305*

# Bjarni Tryggvason, geimfari

Formali

Bjarni Tryggvason fæddist í Reykjavík hinn 21. september 1945 en fluttist sjö ára gamall til Kanada. Hann nam verkfræði við háskólana í British Columbia og Western Ontario í Kanada og sinnti eftir það rannsóknum og kennslu, einkum á sviði veðurfræði; hann hefur auk þess atvinnuflugmannsréttindi.

Bjarni var valinn í hóp kanadískra geimfara í desember 1983 og tók þátt í leiðangri geimferjunnar Discovery 7.-19. ágúst 1997 (STS-85); hann varð þar með fyrsti íslenski geimfarinn.

Árið 1998 var Bjarna boðið að taka þátt í tveggja ára þjálfun á vegum Bandarísku geimferðastofnunarinnar (NASA) fyrir störf við Alþjóðlegu geimstöðina (ISS). Bjarni er tveggja barna faðir; hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2000.

Það var Theodór Nóason sem færði Borgarskjalasafni Reykjavíkur gögnin í einkaskjalasafni Bjarna Tryggvasonar.

# Skjalaskrá

## Askja 1

Árituð ljósmynd af Bjarna Tryggvasyni geimfara frá mars 1997.

Merki kanadíska geimfarahópsins frá 1985.

Merki Bjarna af geimfarabúningnum 1997, Discovery (STS-85).

Mynd af kanadíska geimfarahópnum sem var valinn 1983.

Myndir af áhöfn geimferjunnar Discovery 1997 (STS-85).

Bréf 2000-2005.

Fjölskylduljósmyndir 1998-2005.

Ýmsar ljósmyndir frá  1999 og ómerktar ljósmyndir.

Blaðaúrklippur 1996-2005.

Ýmsar greinar af Netinu.

Póstkort o.fl.

*Skráð í  júní - ágúst 2006,*
*Guðjón Indriðason*
*og Elín Þórðardóttir*